

Bætur vegna veikinda og slysa

08 211

Ársreikningur 2018

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Bætur vegna veikinda og slysa
Fjárlagaliðurinn er í umsjón Sjúkratrygginga Íslands
Vínlandsleið 16, 113 Reykjavík

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Bætur vegna veikinda og slysa tekur til sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um sjúkratryggingar, slysatrygginga samkvæmt lögum um slysatryggingar almannatrygginga og bætur samkvæmt lögum um sjúklingatryggingu. Áður tilheyrðu þessi verkefni þremur fjárlagaliðum að hluta eða öllu leyti, þ.e. Sjúkratryggingum, Slysatryggingum og Sjúklingatryggingu. Eignir, skuldir og skuldbindingar voru færðar til hins nýja fjárlagaliðar að hluta eða öllu leyti. Sjúkratryggingar Íslands hafa umsjón með fjárlagaliðnum.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 29 og málaflokk 60 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2018 var ársveltan kr. 1.985,5 milljónir og afkoma kr. 256,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 256,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 374,6 milljónir.

Það er álit okkar að ársreikningur 2018 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Bóta vegna veikinda og slysa í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Stjórn og forstjóri staðfesta hér með ársreikning fyrir fjárlagaliðinn Bætur vegna veikinda og slysa fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík 27. feb. 2020
Staður, dags.

Bjarni S. Björnsson

Guðbjörg Björnsdóttir
Birna L. Svavertsdóttir

Jónína Guðmundsdóttir
Jónmundur Magnússon
Mare Krúttótt

Yfirlit um afkomu ársins 2018

	Skýr	2018	2017
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	3	1.891.300.000	1.782.500.000
Framlög og ýmsar tekjur	4	94.248.138	83.147.794
Tekjur samtals		1.985.548.138	1.865.647.794
Gjöld			
Framlög og tilfærslur	5	1.682.171.308	1.603.413.046
Annar rekstrarkostnaður	6	46.523.813	45.276.629
Gjöld samtals		1.728.695.121	1.648.689.675
Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði		256.853.017	216.958.119
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		8.804	592.636
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	7	(63.383)	(44.619.257)
		(54.579)	(44.026.621)
Afkoma ársins		256.798.438	172.931.498
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	3	48.669.746	(33.355.456)
Rekstrartilfærslur		208.128.692	206.286.954
Fjármagnstilfærslur		0	0
		256.798.438	172.931.498

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir	Skýr	31.12.2018	31.12.2017
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	8	350.527.841	337.965.417
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	9	24.082.374	13.707.819
Veltufjármunir samtals		<u>374.610.215</u>	<u>351.673.236</u>
Eignir samtals		<u>374.610.215</u>	<u>351.673.236</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	10		
Hrein eign		256.798.438	172.931.498
Eigið fé samtals		<u>256.798.438</u>	<u>172.931.498</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir:	11		
Langtímalán		0	428.854
Skammtímaskuldir:			
Lánastofnanir		60.000	0
Viðskiptaskuldir		67.913.958	160.130.482
Ýmsar skammtímaskuldir		48.498.393	17.569.586
Næsta árs afborganir	11	1.339.426	612.816
Skuldir samtals		<u>117.811.777</u>	<u>178.312.884</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>374.610.215</u>	<u>351.673.236</u>
Aðrar upplýsingar	12		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2018

	Skýr	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		256.798.438	172.931.498
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Verðbætur og gengismunur		63.383	0
		<u>256.861.821</u>	<u>172.931.498</u>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(10.374.555)	31.656.164
Tengdir aðilar		(185.493.922)	(261.990.693)
Skammtímaskuldir		(61.227.717)	56.974.177
		<u>(257.096.194)</u>	<u>(173.360.352)</u>
		<u>(234.373)</u>	<u>(428.854)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Ný langtímalán		234.373	428.854
Afborganir langtímalána		0	0
		<u>234.373</u>	<u>428.854</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af tryggingastarfsemi eru færðar hlutfallslega á það tímabil sem tryggingavernd er veitt. Hluti iðgjalda sem veitir tryggingavernd næsta árs er færður sem fyrirframinnheimtar tekjur meðal viðskiptaskulda.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi stofnunarinnar hefur í för með sér margvíslega áhættu svo sem mótaðilaáhættu, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun stofnunarinnar beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

Skýringar

	2018	2017
3 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	1.891.300.000	1.782.500.000
	<u>1.891.300.000</u>	<u>1.782.500.000</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum	1.000.000	1.890.300.000	0	1.891.300.000
Fjárveiting til tekna	1.000.000	1.890.300.000	0	1.891.300.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	47.669.746	(1.682.171.308)	0	(1.634.501.562)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	48.669.746	208.128.692	0	256.798.438

	2018	2017
4 Framlög og ýmsar tekjur		
Löggjöld vegna heimilistrygginga	94.248.138	83.147.794
	<u>94.248.138</u>	<u>83.147.794</u>

5 Framlög og tilfærslur

Rekstrartilfærslur	1.682.171.308	1.603.413.046
	<u>1.682.171.308</u>	<u>1.603.413.046</u>

6 Annar rekstrarkostnaður

Sérfræðiþjónusta	45.937.173	44.775.090
Tapaðar kröfur	586.640	501.539
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>46.523.813</u>	<u>45.276.629</u>

7 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap

Fjármagnskostnaður	0	44.618.586
Gengistap, endurmat	63.383	671
	<u>63.383</u>	<u>44.619.257</u>

8 Tengdir aðilar	31.12.2018	31.12.2017
-------------------------	-------------------	-------------------

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	349.895.189	296.274.257
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	632.652	41.691.160
	<u>350.527.841</u>	<u>337.965.417</u>

9 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður og aðrar kröfur	24.781.052	14.406.497
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu	(698.678)	(698.678)
	<u>24.082.374</u>	<u>13.707.819</u>

Skýringar

10 Eigið fé 31.12.2018 31.12.2017

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

Hrein eign

Jöfnuður 1.1	172.931.498	0
Breytingar skv. frumvarpi um staðfestingu ríkisreiknings	(172.931.498)	0
Afkoma ársins	256.798.438	172.931.498
Jöfnuður 31.12.	<u>256.798.438</u>	<u>172.931.498</u>

Afkoma ársins hefur verið flutt óskert á hreina eign þar sem reglugerð um yfirfærslur ónotaðra fjárheimilda á grundvelli 2. mgr. 30. gr. LOF liggur ekki fyrir. Leiði tilkoma reglugerða til breytinga á meðferð afkomu mun það verða leiðrétt í ársreikningi fyrir árið 2019.

11 Langtímaskuldir

	vaxtakjör		
Gengisbundnar skuldir	0,0%	1.339.426	1.041.670
Næsta árs afborganir langtímaskulda	0,0%	<u>(1.339.426)</u>	<u>(612.816)</u>
		0	428.854

Skv. milliríkjasamningum þá vaxtareiknast kröfur vegna slysbóta ekki og eru hér færðar á nafnverði.

Afborganir af langtímaskuldum stofnunarinnar dreifast þannig á næstu ár:

Árið 2018	0	612.816
Árið 2019	1.339.426	428.854
Árið 2020	0	0
	<u>1.339.426</u>	<u>1.041.670</u>

Skilmálar langtímalána eru um óskilyrtan rétt til að greiða á lengri tíma en einu ári.

12 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Fjárlagaliðurinn hefur ekki gert skuldbindandi samninga, hvorki um húsnæði né um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa.

Fjárlagaliðurinn annast umsjón með heimilstryggingum sem er tryggingastarfsemi. Tryggingastarfsemi felur í sér skuldbindingar, m.a. vegna ótilkynnta tjóna í árslok en ekki hefur verið áætlað fyrir þeim.

Iðgjöld vegna tryggingaverndar á árinu 2019 eru færð sem fyrirframinnheimtar tekjur, meðal viðskiptaskulda, og nema kr. 47 milljónum. Sambærileg fjárhæð fyrra árs nam kr. 41,5 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2018.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.